


|                   |  |   |
|-------------------|--|---|
| Nr.: GAT-045      | <b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>                          |  |
| Útgáfa: 09        |  |   |
| Dags.: 06.06 2015 | <b>Hjú 203 Öldrunarhjúkrun</b><br><b>Námsáætlun Vor 2016</b> |   |
| Höfundur: HRS     |  |   |
| Samþykkt: HJS     |  |   |
| Síða 1 af 2       |  |   |

**Kennari:** Hannesína Scheving. (HAN) Netfang [hannesina@vma.is](mailto:hannesina@vma.is)

### Áfangalýsing:

- Í áfanganum er fjallað um stöðu aldraðra í samfélaginu og þætti sem móta hana.
- Heilbrigðislöggjöfin og lög um félagslega þjónustu eru kynnt.
- Viðhorf nemanda og aldraðra sjálfra til öldrunar eru skoðuð.
- Helstu kenningar um öldrun eru raktar og hvernig þær móta aðgerðir stjórnvalda í öldrunarmálum. Farið er yfir helstu andlegar, félagslegar og líkamlegar breytingar sem fylgja hækkandi aldri.
- Lögð er áhersla á heilsuefingu og lífsgæði aldraðra.
- Helstu heilsufarsvandamálum aldraðra og viðeigandi hjúkrun eru gerð skil.
- Fjallað er um ofbeldi gegn öldruðum.
- Kynntur verður tilgangur og notkun RAI-mats (raunverulegur aðbúnaður íbúa), vistunarmats og viðurkenndrar hjúkrunarskráningar.
- Fjallað er um lífslok og þau tengd siðfræðilegri umræðu. Fjallað er um mismunandi siðvenjur við lífslok.

### Meginmarkmið:

- Að nemandi viti hvernig hægt er að efla heilbrigði og virkni aldraðra og auka lífsgæði þeirra. Að nemandi sé fær um að hjúkra öldruðum á heildrænan hátt í umhverfi þeirra innan og utan stofnana.

### Áfangamarkmið: Að loknu námi í áfanganum á nemandi að:


- geta gert grein fyrir þeim líkamlegu, andlegu og félagslegu breytingum sem fylgja hækkandi aldri
- geta skýrt mismunandi hliðar aldurshugtaksins
- geta skýrt frá helstu kenningum um öldrun og tengt þær félagslegum úrræðum aldraðra
- geta gert grein fyrir lögbundnum réttindum aldraðra samkvæmt heilbrigðislöggjöfinni
- geta gert grein fyrir viðhorfum sínum og samfélagsins til aldraðra og helstu áhrifaþátta
- geta útskýrt mikilvægi þverfaglegrar samvinnu í öldrunarþjónustu
- geta gert grein fyrir áhrifum breytinga á aðstæðum og umhverfi á líðan aldraðra
- þekkja helstu áhrifaþætti í heilbrigði aldraðra svo sem félagslega virkni, hreyfingu, hvíld, mataræði og andlega vellíðan
- geta gert grein fyrir helstu þáttum sem hafa áhrif á lífsgæði aldraðra
- þekkja algengustu sjúkdóma og heilsufarsvandamál sem hrjá aldraða
- geta sagt frá aðferðum og mælitækjum sem notuð eru til að meta vitsmunalega færni,
- sjálfsbjargargetu og aðstæður aldraðra
- þekkja til viðurkenndrar hjúkrunarskráningar
- geta útskýrt mikilvægi virðingar og sjálfsákvörðunarréttar hins deyjandi
- geta skilgreint tilgang líknandi meðferðar
- þekkja til kenninga um sorgarferlið
- geta gert grein fyrir mismunandi siðvenjum eftir trúarbrögðum við andlát
- geta útskýrt reglur sem gilda um andlát í heimahúsi

### Námsgögn:

Kennslubækur. Hefti eftir Nínu Þóru Rafnsdóttur (2003). *Öldrunarhjúkrun*. Fæst á skrifstofu skólans.

Annað kennsluefni: Greinar og glósur frá kennara á vefnum (Moodle).

Náms- og skoðunarferðir ef aðstæður leyfa.

|                   |  |   |
|-------------------|--|---|
| Nr.: GAT-045      | <b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>                    |  |
| Útgáfa: 09        |  |   |
| Dags.: 06.06 2015 | <b>Hjú 203 Öldrunarhjúkrun<br/>Námsáætlun Vor 2016</b> |   |
| Höfundur: HRS     |  |   |
| Samþykkt: HJS     |  |   |
| Síða 2 af 2       |  |   |

### Áætlun um yfirferð:

- Vika 4** Almenn kynning
- Vika 5** Öldrunarbreytingar
- Vika 6-7** Lífshættir og félagsleg staða aldraðra, helstu bjargráð
- Vika 8** Vistun á stofnun, (Skoðunarferðir, félagsstarf aldraðra).
- Vika 9** Vistun á stofnun, (Vettvangsferðir)
- Vika 10** Hjúkrun aldraðra hjartasjúklinga
- Vika 11** Hjúkrun helftarlamaðra.
- Vika 12** Páskafrí
- Vika 13-14** Hjúkrun aldraðra heilabilaðra sjúklinga
- Vika 15-16** Viðbrögð við lífslokum og heimsókn í höfðakapellu.
- Vika 17** Upprifjun
- Vika 18** Próf hefjast

### Námsmat og vægi námsþátta:

Lokapróf: Lokapróf í maí. **Gildir 50%** af lokaeinkunn

Annarpróf: Eitt annarpróf um miðja önn. **Gildir 20%** af lokaeinkunn

Verkefni: 4. Verkefni. **Gilda 10% alls.**

Ritgerð: Ein ritgerð um efni áfangans. **Gildir 10%**

Vinnubók: Nemendur skila vinnubók í lok annar sem á að innihalda spurningar og úrlausnir og annað sem til fellur í áfanganum. **Gildir 10%**

**Nemandi þarf að ná lágmarkseinkunn 4,0 út úr lokaprófinu til aðrir þættir verði reiknaðir með í lokaeinkunn.**

Dagsetning: 1. júní 2016.

*Hannasins Solving*

Undirritun kennara

*Manna A. Fe.*

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils